

2005 nr. 52 18. maí**Lög um gæðamat á æðardúni**

Tóku gildi 30. maí 2005. Breytt með l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brábkv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfrasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

- Lög þessi gilda um íslenskan æðardún og gæðamat á honum.

■ 2. gr.

- Allur æðardúnn, hvort sem er til dreifingar á innanlandsmarkaði eða til útflutnings, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum eftir fullhreinsun. Áður en að dreifingu á innanlandsmarkaði eða til útflutnings kemur skal liggja fyrir að æðardúnn standist gæðamat dúnmatsmanna

með vottorði þeirra þar að lútandi.

■ 3. gr.

- [Ráðuneytið]¹⁾ gefur út leyfi til handa dúnmatsmönnum til starfa á þeim stöðum sem það telur þörf á að fengnum til-lögum Bændasamtaka Íslands og Félags íslenskra stórkaupt-manna. Dúnmatsmenn skulu undirrita eiðstaf áður en peir-taka til starfa. Kostnaður af störfum þeirra greiðist af mats-beiðanda í samræmi við gjaldskrá sem ráðuneytið staðfestir.
- Nánar er kveðið á um framkvæmd laganna, starfsskyldur og hæfniskröfur dúnmatsmanna í reglugerð.²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 403. gr. ²⁾ Rg. 350/2011.

■ 4. gr.

- Brot á lögum þessum varða sektum . . .¹⁾

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr.

■ 5. gr.

- Lög þessi taka gildi þegar í stað. . .